Einelti í háskóla, birtingarmyndir og hagnýt viðbrögð kennara

Höfundur og flytjandi: Vanda Sigurgeirsdóttir

Einelti er víðtækt vandamál í öllum aldurshópum, einnig í háskólum. Tíðnitölur erlendra rannsókna eru breytilegar eftir skilgreiningum og löndum en að jafnaði segjast um 20–25% háskólanema hafa orðið fyrir einelti á námstímanum og 10–15% fyrir neteinelti. Mun fleiri segjast hafa orðið vitni að slíkri hegðun.

Birtingarmyndir einetis á háskólastigi eru að jafnaði duldari en á yngri skólastigum. Niðrandi athugasemdir, útilokun, útskúfun í hópavinnu, baktal og neteinelti eru dæmi um birtingarmyndir. Afleiðingarnar eru alvarlegar og niðurstöður rannsókna sýna skýr tengsl við þunglyndi, kvíða og streitu. Þá getur einelti haft slæm áhrif á námsumhverfi, námsárangur og grafið undan virkri þátttöku nemenda.

Á Íslandi er viðfangsefnið lítið rannsakað. Engar líkur eru þó á að þessi skaðvaldur hlífi íslenskum háskólanemum, frekar en öðrum vettvangi þar sem fólk á í langvarandi samskiptum. Háskólakennarar þurfa því, rétt eins og kennarar á öðrum skólastigum, þekkingu og þjálfun í að fyrirbyggja og grípa inn í einelti.

Í erindinu verður fjallað um birtingarmyndir eineltis í háskóla, hvernig kennarar geta komið auga á það og ekki síst um hagnýtar aðgerðir, eins og skýr samskiptaviðmið frá fyrsta degi, viðbrögð sem sýna að einelti er ekki liðið, styrking hópa og virkri þátttöku nemenda. Erindið byggir á fræðum og rannsóknum en einnig á áratugalangri reynslu höfundar að kennslu eineltisnámskeiða við HÍ og inngripum og forvörnum gegn einelti á vettvangi HÍ sem utan.